**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 292/2024** **2025/EES/25/41**

**frá 6. desember 2024**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2795 frá 24. júlí 2024 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar framkvæmdardagsetningu eiginfjárkrafna vegna markaðsáhættu ([1]).

2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 14a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32024 R 2795**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2795 frá 24. júlí 2024 (Stjtíð. ESB L, 2024/2795, 31.10.2024).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/2795, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ([*]), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 291/2024 frá 6. desember 2024 ([2]), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Anders H. Eide***

formaður

([1]) Stjtíð. ESB L, 2024/2795, 31.10.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/2795/oj
([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.
([2]) Verður birt.